

Lagabreytingatillaga frá Ungmennafélagi 2020 um atkvæði sveitarfóringja á Skátaþingi

19. grein laga BÍF hljóðar svo:

Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsfóringja eða aðstoðarfélagsfóringja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍF eða Grunnfundum BÍF sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍF
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍF
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍF
- Stjórn BÍF er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátaþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu. Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsfóringja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátaþings.

Hér með er lagt til að greinin hljóði svo:

Rétt til setu á Skátaþingi eiga:

A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsfóringja eða aðstoðarfélagsfóringja í hans stað, **eitt atkvæði bundið sveitarfóringja** og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunngrundum BÍS sé að ræða.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátaþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu. Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátaþings.

Greinagerð:

Ungmennanþing skáta, sem haldið var 8. febrúar 2020, samþykkti að leggja fram sameiginlega lagabreytingatillögu frá Ragnheiði Silju Kristjánsdóttur um atkvæði sveitarforingja á Skátaþingi.

Ein af aðaláherslum BÍS seinustu ár hefur verið að styðja við sveitarforingjann þar sem að þeir eru ein mikilvægasta stoð skátastarfsins. Þeir ættu því að hafa rödd í málefnum hreyfingarinnar sem þeir eru að gefa vinnu sína í og eru öll félög með A aðild með virka sveitarforingja sem geta nýtt þetta atkvæði. Það skiptir máli að grasrótin fái að kjósa, ekki bara stjórnarmeðlimir sem eru í sumum tilvikum alls ekki virkir í daglegu starfi skátahreyfingarinnar. Við verðum að sýna að skoðun sveitarforingjana skiptir okkur í alvörunni máli.

Samþykkt á ungmennanþingi 8. febrúar 2020
Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir